





Reykjavík, 28. júlí 2026
USK26060403

Hestháls 10 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa um að staðsetja dreifistöð rafmagns á lóð.


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28.júlí 2026 var lögð fram fyrirspurn Björgvins Snæbjörnssonar um að skilgreina lóð fyrir spennistöð á lóðinni Hestháls 10. Merkjalyking hefur verið gerð og fylgir fyrirspurn



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Skýringarmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Hesthálssi 10 borgarhluta 7 og er hluti af Athafnasvæði AT2

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Hálsahverfi, samþykkt í borgarráði 26. september 2026 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr 10 við Hestháls er stálgrindarhús sem er innréttað sem sýningarsalur og verkstæði fyrir bílaumboð.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að skilgreina lóð fyrir spennistöð rafmagns.

Hestháls 10 verður skipt upp og ný lóð skilgreind fyrir spennistöð, 20 m², sem tengist sameiginlegri aðkomulóð fyrir Hestháls 10–12

Umsögn skrifstofu samgangna og borgarhönnunar

Við staðsetningu dreifistöðvarinnar þarf að tryggja nægar sjónlengdir. Ekki er hægt að ákvarða nákvæmlega hversu langt frá lóðarmörkum stöðin þarf að vera án þess að gera sjónlengdarþríhyrninga. Miðað við fyrirliggjandi gögn og loftmyndir er hægt að áætla að stöðin þurfi að vera staðsett um það bil einu bílastæði frá lóðarmörkum, eða um 2,5 m.



Reykjavík



Niðurstaða

Jákvætt er tekið í að staðsetja dreifistöðvarlóð rafmagns á lóð við Hestháls 10.

Neikvætt er tekið í fyrirhugaða staðsetningu lóðarinnar þar sem hún þarf að taka mið af kröfum um sjónlengdir í samræmi við umsögn skrifstofu samgangna og borgarhönnunar

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Helga Rún Guðmundsdóttir

verkefnastjóri

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.



Reykjavík